

20 gera ráðstöfun til að útvega kennara, sem fullnægir þessum skilyrðum, en ef 1. febr. það tekst ekki, þá svo hæfan kennara sem kostur er á, til að hafa kennsluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni.

Skýlt er skólanefndum og skólastjórum einkaskóla að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, á þeim tíma, er hann ákveður, hverjir eigi að starfa við skóla þeirra sem kennarar næsta skólaár, sem ekki eru settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni.

Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir því, að hlutaðeigandi kennari fullnægi skilyrðum þeim, er krafizt er til kennslustarfsins.

4. gr.

Aftan við 15. grein laganna bætist: Ákvæði 1. greinar staflið b. ná ekki til þeirra kennara, er skipaðir hafa verið af kennslumálastjórninni, er lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

21

1. febr.

L Ö G

um Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

21

1. febr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugerð, er konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum og dósentum háskólans til 3 ára í senn, en prófessorar einir eru kjörgengir.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram 14. dag maímánaðar eða næsta virkan dag.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri. Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Nú fellur rektor frá eða verður að láta af störfum áður en rektorsár hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Skal hinn nýi rektor kosinn til 3 ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast sem eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar deildanna 5 eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sér sjálft úr sínum hópi.

Háskólaráðið heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og, ef einn þriðji hluti kennara æskir fundar. Sé fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rétt á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

5. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors, og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til,

II. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

6. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósentana og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kennslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

7. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hópi deildarforseta (dekanus), og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rétt hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann gegndi síðast deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

8. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrétt hefir hann þó aðeins í sinni deild.

9. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs, og skýrt frá því, hvernig kennarar hagi kennslu sinni.

10. gr.

Deildarforsetar skulu sjá um, að til séu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hvernar deildar á kennslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar, áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær séu í samræmi við kennsluáætlanir deildanna.

11. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast, og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhússmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

III. KAFLI

21

Kennsla og nemendur.

1. febr.

12. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í 2 kennslumissiri, haustmissiri frá 15. september til 31. janúar og vormissiri frá 1. febrúar til 15. júní.

13. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda í háskólanum sjálfum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

14. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra í háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukennslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

15. gr.

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað.

Sama rétt getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, sem æskir skrásetningar, skal tilkynna það ritara háskólans og hverja námsgrein hann ætlar að stunda, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu. Skipti stúdent um námsgrein, skal hann tilkynna það ritara, og getur hann þess í nemendaskránni.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

16. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabréf hjá rektor.

17. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gert honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt.

21

1. febr.

18. gr.
Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

19. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er réttarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

20. gr.

Afskiptum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynnt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í 4 kennslumissiri samfleytt.

IV. KAFLI**Próf.****21. gr.**

Háskólapróf skulu haldin á þeim tíma, sem reglugerð háskólans ákveður.

22. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf, þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðizt fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvisindum, og leyst af hendi fyrirskipaðar æfingar.

Próf í heimspekilegum forspjallsvisindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

23. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynnt það ritara háskólans að minnsta kosti 3 vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram, skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs, og tekur ritari háskólans við fénu.

Hætti stúdent við að taka próf, eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

Gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

24. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyrr en eftir ár, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenzi ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að ári liðnu. 21

1. febr.

Æski stúdent, sem staðizt hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyrr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft sem hann segir sig til prófs.

25. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrir-
komulagi prófanna hjá sér.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

26. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðar-
próf, skulu jafnan vera 2 prófdómarar, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera
utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir til-
lögu háskóladeildar, og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

27. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðizt hafa prófið, kandidats-
vottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

28. gr.

Kandidatar, sem lokið hafa embættisprófi í íslenskum fræðum, geta gengið
undir meistarapróf, og dæma kennararnir í íslenskum fræðum einir um úr-
lausnir í því prófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandidatar.

V. KAFLI

Doktorar.

29. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er
slik nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi.

30. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið meistaraprófi eða
embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja visindalega ritgerð um
eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgerð-
ina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

- 21** Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófs-
1. febr. vottorð.
Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr., og renna þær í háskólasjóð.

31. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétti sínum, getur háskólaráð svipt hann réttinum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1936, og ganga þá jafnframt úr gildi lög um stofnun háskóla, nr. 35 1909.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

22

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaup-